

Elísa Björg Örlygsdóttir Husby

Höfnum, 16. febrúar 2017

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrlar: Halla Kristín Einarsdóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Kvikmyndataka: Arnar Þórisson

Clip: 914_2362.MXF

© Krumma films ehf.

Ég heiti Elísa Björg Örlygsdóttir Husby. Ég kom á vettvang Samtakanna '78 '91 - '92 og þá var ég reyndar ekki búin að fara í kynleiðréttingu. Og kannski dálítið eftirminnilegt því að ég kom með bindi (flissar) og var í skyrtu. Ég var svolítið svona að reyna að vera þessi karlímynd eins og allir sögðu að ég ætti að vera, og passaði aldrei inn í það. En mér finnst svolítið skemmtilegt sem að yngsti bróðir minn sagði, hann sagði sko, þú ert svo heppin, þú ert búin að koma tvisvar sinnum út úr skápnum. Af því í dag er ég lesbía og bý með konu og er gift.

HK: Þegar þú komst fyrst niður í samtök, varstu þá líka í karlahlutverkinu fyrst? Hvernig var að koma sem trans inn í Samtökin á þessum tíma?

Sko ég var ekkert mikið að spá í þessu þá, bara reyndi að vera þessi ímynd. Og ég man eftir því að það var ein manneskja þarna sem gerði svo mikið grín að því að bindishnúturinn væri öfugur og sagði, ég meina, ég er ekki eins og þið, þú ert líka öfug. Og hérna það var ekki fyrr en ég hitti Önnu Kristjáns þegar hún kom frá Svíþjóð og hérna hún fór að sýna mér svona pappíra og ýmislegt sem hún sendi mér síðan frá Svíþjóð. Og ég var svona mikið að spá í þessu og ég var svona á tímabili að spá hvort ég ætti að vera bara með brjóst og vera kannski áfram með typpi en svo ákvað ég að fara alla leið. Og hérna, þessi tími var svona mjög svona sérstakur. Var einhvern veginn, allir voru að passa upp á alla og maður kannski kom í Samtökin og hérna sátu svona í mjög lágum sófum og svona alveg í hrúgu og var líka fólk á gólfinu og vorum að horfa á Simpsons sem var alveg svona mjög sérstakt. Og svona ef maður fór á djammið að þá var alltaf allir að passa upp á alla einhvern veginn. Þetta var svona, þetta var mjög erfiður tími en líka skemmtilegur tími.

HK: Voru, manstu eftir einhverju öðru transfólki í Samtökunum á þessum tíma? Hvernig var það? Komstu inn og þóttist vera hommi eða?

Sem sagt ég kom bara út sem hommi og síðan sem klæðskiptingur, klæddi mig mikið upp og var með pósthólf á Rauðarárstíg í 105 útibúinu. Og ég hafði einmitt farið til Þorvaldar Kristinssonar sem var þá formaður og talað við hann um þetta. Og við

ákveðum það að, svo að ég væri smá svona undir nafnleynd af því að ég auglýsti þetta í DV, að ég myndi skrifa mig sem Elísu Alfreðsdóttir og var lengi vel með þetta pósthólf, og fékk fullt af bréfum og svaraði þeim og svona. Og hérna, það var náttúrulega mikið á þessum tíma þá var lesbíurnar með sér svona einhverja skemmtun og svo var hommarnir með sér. Og ég svona gat eiginlega hvorugt verið með stelpunum eða með strákunum því að ég passaði náttúrulega ekkert að fara uppáklædd í kvenmannsfötum á MSC Ísland. Og hann hérna Þórir Björnsson hann var einu sinni og ég kom og þá segir hann: Já, nei ég get ekki hleypt þér inn. Þú ert í kvenmannsfötum. Og ég segi: Ég er í háum hælum, þetta er leður. Og þá segir hann: Ég verð nú að hleypa þér inn út á þetta. Og hérna þá fékk ég að koma inn en hérna ég svona passaði í raun ekki þarna inn og í raun og veru ekki heldur hjá lesbíunum á þessum tíma.

HK: Já en sóttir samt þarna í Samtökin. Þetta pósthólf sem að þú varst með undir nafninu Elísa Alfreðsdóttir, var það svo fólk gæti skrifað inn sem trans eða sem klæðskiptingar?

Það var þá aðallega bara verið að tala um klæðskiptinga á þeim tíma. Og það var svona mjög falið allt saman. Það þótti svona mjög skrítið að sjá karlmann úti á götu í kvenmannsfötum. Það var var alveg bara þú veist, fólk sneri sig bara úr hálslið. Og þetta var svona, og þetta var líka þessi tími sem maður var svona að reyna að móta sig og búa til brjóst af því ég náttúrulega var ekki með nein brjóst, og þá notaði maður svolítið smokkana sko, að blása það upp og setja vatn í og þá dúaði það svolítið svona. En svo kom fyrir stundum að einhver faðmaði mann svolítið fast að þá sprakk og þá rann vatnið svona niður og út um allt. Og það var ekkert mjög skemmtilegt svona.

HK: Það var talað um klæðskiptinga þá en síðan hef ég varla heyrt á þá minnst. Hvenær fer þetta transhugtak að koma inn á Íslandi þarna í Samtökunum?

Það er eiginlega bara eftir að Anna Kristjáns kemur til Íslands. Og varð fyrir mjög miklu einelti. Og hérna, það var bara hræðilegt sko. Og þegar félagið hafði verið stofnað, Trans-Ísland, þá er ég með í því að stofna það og var alveg frá byrjun og var

fyrst ritari og síðan hérna formaður og varaformaður og gjaldkeri og formaður og ég er búin að prófa eiginlega allar stöðurnar þarna nema vera meðstjórnandi.

HK: En það er ekki fyrr en 2006 eða 2005 sem að það er stofnað?

2007 sem það er stofnað ef ég man rétt. Jú, ég held það sé alveg öruggt.

HK: En ef við tölum svona aðeins meira um það hvernig var að vera trans hérna níutíu og eitthvað. '92 - '96.

Ég man ekki alveg hvaða ár hún kom. Já hún átti mjög erfitt með að fá vinnu og allt svona. Og svona einhvern veginn þegar ég kem þá er mikið verið að fara á Moulin Rouge hérna við hliðina á Tryggingastofnun á Laugavegi, svona niðri í kjallara alveg niðurgrafið og mjög spes svona. Og, það var svona eiginlega þá sem mér fannst svona, ég get fengið að vera ég sjálf. Þetta er náttúrulega þegar maður bjó hérna á Suðurnesjum og í Garðinum þar sem eru mjög miklir fordómar, að þá gastu ekkert verið þú sjálf. Ég gat farið þarna og verið ég sjálf.

HK: Fórstu þá bara með tösku með fötum í bæinn og skiptir um og fórst á Mylluna eða?

Það var svona herbergi, svona búningaherbergi sem maður gat farið og hérna ég man meira að segja eftir því einu sinni að það var mjög skemmtilegt að þá hitti ég Maríus og hérna hann sagði: Ég er með geggjaðan kjól fyrir þig. Og ég kem þarna og kík á hann og svartur kjóll, bara mjög svona plain, og ég segi: Ég kemst ekkert í þetta. Jú, jú, jú, jú, jú ekkert mál, ég skal bara hjálpa þér í þetta. Svo var hann svo þröngur að ég gat eiginlega ekkert gengið, bara svona einhver hænuskref og gat ekki einu sinni setið því hann var svo þröngur. Svo varð ég að standa bara uppi við súlu til að geta verið svona (hlær). Þetta hérna skemmtilegt og svo hérna kom einn hommi þarna og sagði: ég verð nú að standa upp fyrir þér og leyfa þér að fá sæti, en ég gat náttúrulega eki setið því þetta var svo þröngt og svo var verið að bjóða mér í dans en þá gat ég ekkert dansað af því þetta var alveg hrikalega þröngt.

HK: Þannig að þú hefur verið bara til sýnis uppi við súlu sem sagt.

Já í raun og veru.

HK: En ég man líka eftir þér þarna í kringum 22. Stemmingin þar og...

Já það var rosalega skemmtileg stemming þar. Það var mjög þröngt og svona þegar maður fór út á dansgólf og var að dansa og, og, það hefur kannski verið svona um hálf tvö, tvö að þá voru allir svona bara, þá hreyfðistu bara svona með öllum mannskapnum, gast eiginlega ekki tekið nein spor eða neitt svona, það var yfirleitt bara með öllum þarna í kring og það er mjög svona spes og hérna ég man eftir því að það var opið í Samtökunum, hvort það var til hálf eitt, eitt eitthvað svoliðis niðri á Lindargötu, þá vorum við að labba uppeftir, svo að bíða í röð og svo var alltaf eitthvað fólk að ýta þér út úr röðinni þannig að það kæmist á undan þér sko. Og þetta var svona mjög pirrandi og, en þá var ég alltaf á svona pinnahælum og þá bara steig ég svona aðeins á ristina á viðkomandi þannig að það var ekkert verið að ryðjast meira á mig (hlær). Og svo man ég líka eftir ef við förum aðeins út í Gay Pride að þá, ég man ekki alveg hvaða ár þetta var hvort það var '92, '93, þá förum við Sigþór og við vorum að, með einhverja svona miða ekki mjög stóra og vorum að bera út uppi á Laugavegi og uppi á Hverfisgötu og rétta fólki og svona sko og eftir það förum við niður í Samtök og það var verið að grilla. Og þá vorum við með svona pínulítið kúlugrill, tvö þannig og vorum að grilla. Og hérna það sýnir í raun og veru bara sko hvað allir voru svona samheldnir en það þorði enginn að fara og bera út þessa miða því að þú veist fólk varð alveg bara vitlaust þegar maður var að rétta því miða sko.

HK: Var þetta þarna í fyrstu göngunum þarna '92, '93?

Já þetta var einmitt í, það var engin ganga þá sko, við förum bara tveir við Sigþór. Eða tvö.

HK: Hvað stóð á miðanum?

Eitthvað í sambandi við samkynhneigð sko, ég man nú ekki hvað það var sko. Þetta var bara svo spes. Og þessi tími hann var bara ofboðslega spes. Og bara t.d. þegar var opið á Lindargötunni og það var fullt af fólki að þetta er svo pínulítið hús og allir voru einhvern veginn samtaka að láta þetta bara, bara ganga og allir voru bara saman

drekkandi bjór eða eitthvað annað og þetta var bara virkilega fallegt. Þetta var bara svona eiginlega, já eiginlega bara eins og fjölskylda.

HK: Voru einhverjar fleiri trönsur eða varstu bara ein þarna í Samtökunum á þessum tíma?

Það voru nú fleiri sko, sem voru að koma svona en, en hérna, voru ekkert mikið svona útávið. Og hérna svo man ég líka eftir böllunum sem voru í Risinu, virkilega skemmtileg böll og hérna ég man sérstaklega eftir einu balli hérna sem var sérstaklega mikið af fólki sem kom og þá var hún formaður hún Lana Kolbrún. Og hún var þá að byrja að vinna uppi í Útvarpi og hún ætlaði að vita hvort að hún gæti ekki fengið hana Gerði G. Bjarklind til að lesa hérna svona aukalega auglýsingu sko og hún gerði það og hún átti svo erfitt með að koma þessu út úr sér. Og þegar hún er að auglýsa Samtakaballið þá segir hún lesbíur og kommar, munið Samtakaballið í kvöld í Risinu, Hverfisgötu. Og það var bara ansi mikið af fólki sem kom á þetta ball. Og hérna virkilega skemmtilegt.

HK: Laumukommarnir.

HRA: Þetta er alveg miklu skemmtilegra twist á þessa sögu.

HK: Miklu skemmtilegri saga.

[Tæknistopp]

HRA: Það væri kannski ágætt ef þú gætir fært það einhvern veginn í orð af hverju, hvernig það var að reyna að vera með hommum og lesbíum. Af því að það var nú dálítið mikið af mótspyrnu t.d. að Samtökin '78 tækju undir sinn verndarvæng tvíkyhnheigða en hvernig fannst þér sko, hver var samleiðin með hommum og lesbíum fyrir transfólkið skilurðu mig? Skipti það einhverju máli? Var þetta ekki bara eini og augljósasti staðurinn? Hvernig datt þér í hug að fara þangað og talaðu nú um það.

HK: Já hvernig datt þér í hug að fara niður í Samtök?

Þetta var í raun og veru þá bara eini staðurinn sem maður gat farið til að hitta fólk sem að væri svona svipað og ég. Og, og hérna, já og í raun og veru bara ef ég er bara

ofboðslega hreinskilin og tala bara beint frá hjartanu, hefði ég ekki farið þá hefði ég fyrirfarið mér. Það er alveg á hreinu. Og ég man bara eftir því þú veist, bara margoft þegar maður var að fara á djammið og eitthvað svona og að maður var að lenda í kannski smá svona veseni og þá komu hommarnir og þeir bara, héldu bara verndarvæng yfir manni. Virkilega.

HK: Það var svona samheldni í hópnum?

Já það var mjög mikil samheldni í hópnum.

HRA: Við tókum annað viðtal við aðra konu sem að sagði að hommarnir hefðu verið að drepast úr alnæmi, lesbíurnar fullar og transfólkið að kála sér.

Já. Þetta er svolítið mikið til í því. En sko. Þetta voru mjög erfiðir tímar en hérna eins og maður segir þá hérna, voru bara margt af þessu fólki bara bestu vinir mínir. Bara eins og hún Stella Hauks t.d. og hérna já og bara fleiri og fleiri og fleiri sem að maður var bara að hitta og hérna gjamma með.

HK: Ég man eftir því að einu sinni hitti ég þig og þú varst að segja mér frá því að helgina áður hefðiru verið að fara heim af 22 og löggan pikkaði þig upp, keyrði þig upp í Öskjuhlíð og skildi þig þar eftir.

Já, það var einu sinni gert.

HK: Viltu segja mér þá sögu?

Já, þá var ég á gangi og var í kvenmannsfötum og....

[Tæknistopp]

Já ég var að koma af 22 og var á leiðinni heim og var hérna, þá stoppar löggan mig og bað mig að koma upp í bílinn og var eitthvað að spjalla við mig og eitthvað. Og svo keyrðu þeir af stað og hérna, keyrðu í Öskjuhlíðina og svo skildu þeir mig bara þar eftir og hérna, ég man eftir því að ég var á háum hælum og hérna labbaði heim og hérna var nú ekki í mjög góðu ástandi, var nú eitthvað búin að drekka svona og var eiginlega bara í svolítið miklu sjokki bara eftir þetta. Og þetta var svo sem kannski

ekkert í fyrsta skipti sem ég lenti í löggunni, ég lenti í henni þarna aftur seinna. Þá var ég edrú og að keyra sem sagt niður Laugavegin og ákvað að beygja inn þarna hjá Dómkirkjunni. Og þetta var á tímabili sem var búið að loka þarna og það máttu bara sjúkrabílar og löggubílar fara þarna inn og ég keyrði þarna bara á eftir öllum hinum og þá segir hann að ég megi ekki keyra þarna inn og eitthvað svona og já já ekkert mál og svo biður hann mig að koma yfir í bílinn til þeirra og segir, og getur frúin látið mig hafa ökuskírteini? Og ég segi já, rétti honum ökuskírteinið mitt og þá er bara mynd af mér í ökuskírteininu frá því ég var sautján ára, ég öll máluð og kannski svona ýkt máluð svona eins og maður var að gera í þá daga. Og þeim varð svo mikið um að hann segir, heyrðu við gerum ekkert í þessu, snúðu bara við og farðu bara út aftur. Og hérna svo heyrði ég frá manneskju sem að þekkti konu þessa lögreglumanns að hérna hann var víst alveg í sjokki þegar hann kom heim til sín um morguninn og hérna vissi ekki alveg hvernig hann átti að taka þessu.

HK: Geturðu sagt mér aðeins frá því þegar Anna Kristjáns kemur heim. Hverju það breytir. Hvað gerist þegar Anna kemur heim frá Svíþjóð?

Já. Sko hún kom þarna í fyrst í einhverjar svona heimsóknir fyrst, áður en hún kemur alveg.

HK: Geturðu sagt þetta breytist svo svolítið þegar Anna Kristjáns kemur heim frá Svíþjóð?

Já, þetta náttúrulega breytist mjög mikið þegar hún kemur frá Svíþjóð hún Anna Kristjáns. Og það voru mjög miklir fordómar og ég man að hún sagði mér einhvern tímann að hún hefði farið á bar og fengið sér bjór og þá var manneskja sem bara skvetti yfir hana bjór. Það var bara fyrirlitning á fólki, og fólk bara var andstyggilegt margt. Og mér finnst hún bara hetja að hafa komið á þessum tíma og farið ekki til baka. Mér finnst það bara alveg. Og hérna ég man eftir sko þegar hún kom fyrst svona í heimsóknir og var að koma sko að þá var hún að sko, að fræða mig svona um þetta og svona. Ég bara hélt að þetta væri ekkert hægt að fara í kynleiðréttingu. Ég vissi bara ekkert um það á þeim tíma. Þá náttúrulega var ekkert netið komið og svona eins og er í dag og þá hérna, já ég fór svolítið svona að hugsa þá út í þetta að fara í aðgerð,

sem að, ég fór í aðgerð 2009, febrúar 2009 í Svíþjóð. Og það er náttúrulega meira en að segja það sko. Ég var búin að fá tvisvar sinnum neitun um að fara í aðgerð og þá var verið eitthvað að tala um það að ég væri of mikið innan um samkynhneigða og þá ætti ég ekki að geta fengið að fara í aðgerð. Og það myndi eitthvað, já ég væri að hitta of mikið af hommum og eitthvað svona dæmi sko.

HK: Var það bannað?

Það var eiginlega svona bannað sko. Þetta var eiginlega bara svona, bara vinir mínir, sem að bara pössuðu upp á mig ef að eitthvað var. Og svo ég aftur á móti ef að eitthvað var hjá þeim líka. Og hérna, ég fæ þarna tvisvar sinnum neitun. Í eitt skiptið bara símtal og í hitt skiptið fæ ég einhverjar svona fjórar, fimm línur. Og hérna, svo loksins að þá hefur Óttar samband við mig og segir það að hann hafi farið til Chicago á ráðstefnu þar sem hafi verið fullt af transfólki sem að hafi verið búin að fara í aðgerð og svona og hann vildi endilega að ég færi í aðgerð og vildi að ég talaði við sig. Og þá var talað um að ég færi til hérna fyrst til Danmerkur var talað um, svo endaði það með því að ég fór til Svíþjóðar þar sem að Gunnar Kratz gerði aðgerðina. Og ég þurfti, ég hafði nú aldrei farið mikið svona ein í flugvél þannig að ég var svolítið svona, já hálf svona smeyk við þetta, fara ein og svo þurfti ég að fara í lest og til Linköping. Þetta er svona suð-vestur af Stockholm. Og hérna svo talaði fólkið bara sænsku, hvort það kunni ensku eða hvað, ég veit það ekki, þannig að ég lærði sænsku svona á einni viku af því ég lá í rúminu og komst ekki framúr og þurfti svona aðstoð. Og læk'nirinn spurði mig hvar ég hefði lært sænsku og ég sagði í Svíþjóð af því ég lá hérna í rúminu og komst ekki framúr.

HK. Höfðu læk'narnir hér þá áhyggjur af því að þú værir hugsanlega samkynhneigð manneskja á villigötum? Í þessum kynleiðréttingarmálum?

Já, já. Já og það er mikið verið að spá í því sko þegar að þú ert búin að fara í aðgerð að ég skyldi allt í einu fara að búa með konu sem er líka búin að fara í aðgerð, sem var áður hann eins og ég. Það er bara þú veist, þeir bara hrista hausinn hjá Landlæknisembættinu. En þetta er í rauninni ekki spurning um kynhneigð. Þetta er bara manneskjan sjálf.

HK: Trans-Ísland er stofnað þarna 2007. Hver var svona aðdragandinn að því? Voru komnir fleiri í hópinn sem gera eitthvað í málunum? Geturðu aðeins talað um það?

Já þetta var fyrst talað um, þetta var fyrst kallað Önnufélagið af því að þá kom Anna Jonna sem að hafði búið í herna Danmörku og Færeyjum, hún hafði farið í aðgerð í Færeyjum, kemur hingað til lands. Og svo kemur Anna Margrét á vettvanginn líka sem er búin að fara í aðgerð í dag, og meira að segja búin að gefa út bók og þá er bara farið að tala um að stofna félag. Og áður en að félagið er stofnað þá fer ég og hitti Önnu Jonnu heima hjá Önnu Kristjáns og þá er ég ekki búin að fara í aðgerð og við ákveðum að prófa að láta herna fara til, til þess að sækja um nafnabreytingu, átti ekki að fá það og þá var hann Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. Og sú skýring sem hann kemur með er að karlmenn skuli bera karlmannsnafn og konur kvenmannsnöfn og ekkert þar á milli. Og þá erum við búnar að kynnast herna konu sem var að læra lögfræði á Bifröst og þær fóru í þetta mál og herna ræddu mikið um þetta og herna við skrifum svaka bréf sem við vorum búnar að senda til umboðsmanns Alþingis og kæra og ég veit ekki hvað og hvað, sem var mjög spennandi að prófa og vita hvað. Og þá var ég búin að vera í tíu, ellefu ár sem ég er búin að vera að berjast fyrir því að fá aðgerð. Sem er svolítið langur tími.

HRA: Nú hafa sumir sagt að, það hafi verið, að transfólkið hafi ekki verið hluti af þessu samfélagi, hommum og lesbíum og Samtökunum '78 og það hafi verið einhver svona leiðindi í ykkar garð. Er það þín upplifun eða hvernig?

Nei, ég hef ekki orðið var við það. Það var aðallega að sem sagt, fólkið náttúrulega man eftir mér sem hann og, það er bara svolítið svona fast í höfðinu á mörgum að þegar að ég kom þarna á vettvang og herna sem hann, og þó ég væri að klæða mig í kvenmannsföt og svona þá fannst þeim það ábyggilega ekki neitt vandamál. En ég hef aldrei orðið var við neitt svona, það var þarna tímabilið þar sem verið var að tala um herna tvíkynhneigða og þeir ættu ekki að vera í félaginu og eitthvað svoleiðis og það var þarna einhver læti þegar að hún var herna formaður hún Margrét Pála Ólafsdóttir og þá var svona klofningur og þau fóru þarna yfir í næsta hús og herna og ég var svona ein af þeim sem að fór með þeim. Og herna, en sko ég þekki Möggu Pálu bara

mjög vel og mér finnst hún vera svolítið svona sáttarmanneskjan og hérna hún kom bara á opnunina og færði fólkinu blóm. Og, það er svolítið Magga Pála sko.

HK: Þannig að þú upplifðir engan mórál út í trönsurnar í Samtökunum?

Nei ég upplifði það ekki. Mér finnst eiginlega bara svona í dag þá finnst mér sko, það eru komin svo mörg svona nýyrði hjá Trans-Ísland og mér finnst einhvern veginn sko, ég þarf bara að vera sífellt að hugsa ef ég ætla að segja eitthvað. Svo ég móðgi bara ekki neinn. Og samt er ég búin að vera formaður þarna lengi og ég er nú kannski heldur ekki voðalega góð í enskunni, stundum bara stóð ég bara á gati því ég skildi bara ekkert hvað þau voru að tala um sem ég var með í stjórn.

HK: Já maður þarf að passa hvað maður segir þessa dagana.

Já algjörlega og hérna, en hún náttúrulega kom þarna hún Ugla Stefanía sem er bara mjög góður penni og bara mjög góð að skrifa og allt það. Og, ég mundi nú bara segja að hún ætti að vera félagsráðgjafi og taka á móti fólki og hjálpa fólki. Hún er virkilega fín sko.

HK: Hvað eru margir í þessu félagi ca.? Manstu það?

Ætli það séu ekki svona 70. Með aðstandendum.

HRA: Skipti félagið sköpum?

Já, það skipti sköpum fyrir bara ansi marga sem að leið bara virkilega illa og áttu heima þú veist úti á landi og svona. Og t.d. var maður sem að hafði samband við okkur og bjó úti á landi og hérna, var orðinn fullorðinn og átti í erfiðleikum með þessa hluti. Þannig að þú veist, ég segi bara það skiptir sköpum og hérna netið og allar upplýsingar sem er hægt að fá í dag sem maður gat ekkert fengið áður. Og jú, jú, maður var að fara til Amsterdam og London og svona og reyna að kaupa föt og eitthvað svona þú veist og, einhver svona spes föt svona, og ég man t.d. að ég fór með bróður mínum sem býr í Englandi í eina búð þarna úti og hérna það var bara, það er svolítið gaman þegar þú ferð inn í búð og hérna það eru fjórar manneskjur sem að afgreiða þig og þér bara leyft að máta alveg bara hægri, vinstri. Það er dálítið gaman.

Og þar gat maður keypt sko, sem sagt verið yfir helgi eða eina nótt, sama kona og átti þessa verslun, þar sem að þú gast verið svona eins og á hótélherbergi eða þannig og svo bara gastu fengið bara þau fót og klætt þig upp og haft það bara fint þarna.

HK: Góð hugmynd.

Já þetta vantar dálítið á Íslandi.

HK: Hvenær var þetta?

Þetta hefur verið, ætli það hafi ekki verið í kringum tvö ár síðan ég var þarna sko. Já eitthvað svoleiðis..

HRA: Hvernig er að, af því að nú er þetta líklega ekki auðveldasti spilastokkurinn sem þú færð að þurfa að ganga í gegnum öll þessi transmál. En svo er það ekki einu sinni nóg heldur ákveðuru að vera lesbía líka, nú velurðu þér líka annað erfitt hlutskipti. Geturðu sett þetta í orð eða?

Já, sko, málið er það að þegar að við ætluðum að fara að gera heimasíðu, það byrjar svona....

(Flugvél)

Já þetta hlutskipti að hérna, ég kynnist Írisi þarna í félaginu þegar það er stofnað og þá er hún ekki búin að fara í aðgerð og ekki ég heldur þannig að við kynnumst sem sagt báðar í röngu kyni og förum bara að búa eiginlega alveg strax saman og hérna, sem var svolítið erfitt þar sem að hún á strák sem var alltaf að koma til hennar aðra hvora helgi. Og hún var í svona þínu íbúð sem var 32 fm. Og svona við svona kynnumst sem sagt, hún fer í aðgerð 2010 og ég 2009, og ég er bara hrifin af henni sem manneskju og svo fer ég í aðgerð og svo fer hún í aðgerð og, og hérna einhvern veginn, já ég veit það ekki, ég bara er bara hrifin af manneskjunni, ekki, ekki hérna, hvort sem hún væri tvíkynhneigð eða, eða hvað. Það er einhvern veginn þannig.

HK: Varstu alltaf hrifin af konum frekar eða?

Ég var alltaf hrifin af körlum (hlær). Og ég svona hef fundið fyrir því sko að ég er eiginlega bara líka hrifin af körlum. Þannig að þetta er orðið svona svolítið skrítið.

HRA: Þú ert sem sagt tvíkynhneigð.

Já ég er svona tvíkynhneigð og hérna, mér finnst svartir menn mjög spennandi. Eða má kannski ekki segja það (hlær)?

HK: Og þú býrð á Íslandi og það er ekkert mikið af þeim hér.

Nei, það er ekki mikið af þeim hér.

HRA: Og hermennirnir eru farnir.

Já, kom aðeins of seint til baka, nei (hlær).

HRA: Hvernig er að búa fyrir ykkur tvær hér, á þessum afskekktu, hvað býrð, útskýrðu hvar þú býrð og, og hvernig það er fyrir ykkur að búa hér í þessu litla samfélagi.

Já við búum hérna í Höfnum á Suðurnesjum, og þetta er svona, hva rétt svona hundrað manns sem að búa hérna eitthvað svoléiðis. Og hérna, við verðum svo sem ekki fyrir neinu ónæði eða þannig. Við erum með virkilega skemmtilega nágretta hérna við hliðina á. Ef það hafa verið vandræði með bílana okkar að gera við þá þá hef ég fengið að fara inn í skúr hjá honum, hann hefur hjálpað okkur. Einu sinni kom hann með kótilettur handa mér, þá var hann að steikja kótilettur. Og einu sinni fór, Rúna kl. 11 að kvöldi að baka pönnukökur og kom með pönnukökur handa mér. Þannig að alla vega flestir svona bara finir nágrettar hérna. Annars er ekkert svona svakalega mikil samskipti á milli. Við erum eiginlega bara svolítið mikið út af fyrir okkur hérna með svona frekar stórt land. Við eigum hérna alveg meðfram götunni, þannig að við eigum sko einn fjórða úr hektara land. Og við erum búnar að setja niður, hérna víðir, áttatíu plöntur og ætlum að setja fleiri niður. Við eigum líka hér á bak við svaka svæði og ætlum bara að verða gamlar hérna. En náttúrulega ég vann á Grund hérna í gamla daga þannig að, ég var svona á besta tímanum þannig að, það var talað um það, ég veit ekki hvort það er þannig ennþá, að ég ætti svona forgang þar

inn. Þannig að við getum kannski farið á Grund þegar við erum orðnar gamlar eða bara hérna á Suðurnesjum. En við ætlum alla vega að verða gamlar hérna saman.

HK: Og rækta skóg í kringum græna húsið?

Já þannig að þá verðum við búnar að rækta skóg hér í kringum græna húsið okkar. Og svo á ég alveg yndislegan stjúpson sem að er sextán ára. Alveg frábær.

HRA: Þannig að þessi saga endar vel?

Já, hún endar bara mjög vel og svolítið svona rómantískt. Er ekki þriðji í Valentínusardegi?

HRA: Þekktir þú einhverja sem að ákváðu að kveðja níutíu og eitthvað eða, af transfólkinu eða?

Nei, ekki svona sem að ég man eftir sko. En ég man náttúrulega eftir fólki sem lokaði sig af og fór í vinnu, keypti svo í matinn og lokaði sig af, algjörlega. Og margir sem að hafa verið í þunglyndi og annað og hérna, þetta er náttúrulega, var ofboðslega sorglegur tími af því að fólk átti ættingja sem að skildi mann ekki. Ég t.d. á ofboðslega góða foreldra, þau voru ekkert alveg að taka þessu fyrst. Og móðir mín hún hérna sagði sko við mig að, hún skildi þetta ekki og hérna, en hún lét mig hafa lykil hjá þeim og sagði að hún vissi það að mér liði illa og ég ætti alltaf pláss í hjarta hennar, en hún skildi þetta ekki og allra síst þegar við Íris fórum að vera saman, að við skyldum báðar fara í aðgerð og fara síðan að vera saman. Og ég man t.d. bara sko, 11. nóvember 2010, nei þrettánda november segi ég, þegar við giftum okkur og héldum athöfnina bara hérna heima og þá var móðir mín mikið að spá í því hvort við ætluðum báðar að vera í brúðarkjól. Og það var mjög svona, hún var ekki alveg svona, og þá segi ég mamma ertu með einhverja fordóma og þá segir hún nei ég er bara að spá í því að þið mynduð fá ykkur kjóla sem þið gætuð notað síðan áfram. Sem að við gerðum.

HK: Er eitthvað sem að þig langar að segja okkur frá? Eitthvað sem að þú vilt bæta við?

Nei ég held ekki, eða ég veit það ekki.

HRA: Hvaða máli skipti þessi réttindabarátta? Skipti máli fyrir þig? Samkynhneigðra.

Ja það náttúrulega skiptir máli að hérna, að samkynhneigðir hafi hérna sín réttindi og hérna sem sagt það er ekki sanngjarnt að fólk búi saman í mörg ár og síðan deyr annar aðilinn og þá koma ættingjarnir og taka allt saman. Það er náttúrulega ekki sanngjarnt. Þannig að það var bara mjög gott þegar að þessi ba, þegar var búið að berjast fyrir þessum réttindum og við getum náttúrulega ekkert hætt við þurfum náttúrulega að halda áfram að berjast fyrir réttindum og hérna það eiga bara allir rétt á því að vera eins og þeir eru. Svona spes og skemmtilegir eins og við erum. Við erum ofsalega hérna, höfum örugglega líka mörg af okkur svolítið svartan húmor og svoleiðis skemmtileg. En ég get svona sagt þér eina sögu sem má sleppa. Ég vissi ekkert hvort að það mætti koma fram í svona viðtali. Það var nokkri hommar sem voru með partí inni í Sólheimum hjá einum. Svo er einn þarna sem að byrjar að gráta, alveg fögrum tárurum búið að drekka svolítið mikið og þá segir einn svona, bíddu af hverju ert þú að gráta? Og þá segir hann: Ég er á svo lágum launum í bankanum. Hann var að vinna í Landsbankanum. Og þá segir annar: Já en þú veist að konur eru alltaf á lágum launum (hlær).